

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu í Borgarfjarðarsveit.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Niðurskógar í landi Húsafells III, Borgarfjarðarsveit. Deiliskipulagsbreytingin felst m.a. í breytingum á hæð útveggja og mænis, byggingarefnis og stærð frístundahúsanna auk þess sem heimilt verður að byggja svefnskála og gufubað auk geymslu.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Fyrir hönd hreppsnefndar, 15. nóvember 2005,

Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri Borgarfjarðarsveitar.

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2005